

REGLUGERÐ

um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár vegna sauðfjárveikivarna.

1. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggst eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skyll er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra, með sömu stöfum og hrepps-brennimarkið, helst skal nota löggilt eyrnamerki.

Þeir fjáreigendur, sem eiga sammerkt við einhvern, sem býr svo nærri, að einhver hættu kann að vera á því, að misdrætti geti valdið að dómi viðkomandi markavarða og/eða sauðfjársjúkdómanefndar mega því aðeins hafa markið í markaskrá og/eða nota það, að þeir báðir skuldbindi sig til að hafa allt fé sitt, lömb og fullorðið, eyrnamerkt með löggiltum plastmerkjum með hrepps- og bæjarnúmeri. Þó nægir að hyrnt fé fullorðið sé brennimerkt hrepps-brennimarki.

Nú leggur markeigandi niður fjármark sitt til að útrýma sammerkingu og á erfitt með eða getur ekki markað fjárstofn sinn undir hið nýja mark sitt. Er honum heimilt að fá hið aflagða mark prentað einu sinni í markaskrá umdæmisins, en þó aðeins, að það sé með breyttu letri (skálettri) og tekið fram í formála viðkomandi markaskrár, að slík mörk séu aðeins á fullorðnu fé og óheimilt að nota þau á lömb.

2. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar mark-eiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars manns en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess sem brennimarkið á. Þó skal hann ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Um hrossamörk og skil á hrossum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sér-ákvæði í fjallskilasamþykkt. Stórgripamörk, þ. e. mörk, sem eingöngu eru notuð á hross eða nautgripi, skulu merkt með stjörnu í markaskrá og er þá óheimilt að nota þau mörk á sauðfé.

Hins vegar þarf ekki að beita jafnströngum takmörkunum um sammerkingar þegar um stórgripamörk er að ræða eins og um sauðfjármörk.

Sé um vafamark á kind að ræða eða sammerkingu skal henni skilyrðislaust slátrað, en ekki send þeim, sem réttarstjórar, fjallkóngar eða hreppstjórar telja líklegri eiganda, ef möguleiki er á því, að hún sé úr öðru varnarhólfi.

3. gr.

Mörk geta gengið að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi enginn maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark fyrir eða svo líkt að hættu sé við misdrætti.

Bannað er öllum að taka upp markið gat á sauðfé og einnig mikil sora-mörk eða vandgerð mörk. Í hverri fjallskilasamþykkt skal ákveða hverskonar mörk megi taka upp eða nota og skulu þau talin upp með heitum í samþykktinni og skýrð með myndum í markaskrá. Öll þau mörk, sem ekki eru heimiluð samkvæmt

reglugerð þessari eða fjallskilasamþykkt, mega ekki ganga að erfðum, solum né gjöfum. Sama gildir um aðflutt mörk, sbr. 5. gr. Markaverðir skulu vinna sem rækilegast að því, að núverandi eigendur leggi niður sem fyrst þau mörk, er ekki falla undir ákvæði markareglugerðar og fjallskilasamþykktar.

4. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 7. gr., skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

5. gr.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú tilkynna tveir eða fleiri sama mark af sama flokki, t. d. erfðamörk, þá gengur fyrir það markið, sem eldra er í viðkomandi markaumdæmi. Verði ekki upplýst hvort markið er eldra, skal markavörður (markadómur) varpa hlutkesti um hvor haldi markinu, nema um annað semjst.

Sama regla um forgangsrétt marka gildir milli markaumdæma til að koma í veg fyrir eða vinna að útrýmingu sammerkingar.

6. gr.

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið og auk þess senda markavörðum, hreppstjórum og sláturhúsum á hugsanlegum samgöngusvæðum eintak markaskrárinnar og sauðfjárveikivörnum tvö eintök. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt, eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal næsta samtíma prentun fara fram árið 1979. Skal hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í viðkomandi markaskrá og borga fyrir, eftir því sem stjórn fjallskilaumdæmis ákveður. Heimilt er að vinna að takmörkun markafjölda einstaklinga með því að hækka verulega gjöld fyrir fleiri fjármörk en tvö.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Skal markavörður annast söfnun marka, og sjá um útgáfu markaskrár. Skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar.

Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinast um útgáfu markaskrár, þar sem það þykir henta og aldrei skal gefa út nema í einu lagi markaskrá fyrir hvert sýslufélag, nema sérstök landfræðileg ástæða sé til annars, að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

Í fjallskilasamþykkt ber að setja nánari ákvæði um gerð og útgáfu markaskrár. Skylt er markavörðum að hafa samvinnu við markaverði í öllum þeim héruðum, þar sem um fjársamgöngur getur verið að ræða til að koma í veg fyrir hættulegar sammerkingar og vinna að útrýmingu slíkra sammerkinga, þar sem þær eru til staðar. Skulu hverjir tveir markaverðir vera markadómur fyrir viðkomandi umdæmi, en leita álits sauðfjársjúkdómanefndar, þegar nauðsyn krefur úrskurðar hvor skal halda marki eða, hvort leyfa skuli þá sammerkingu, sem um ræðir, með þeim skilyrðum, sem um getur í IX. kafla laga nr. 42/1969 og lögum nr. 23/1956.

Reglur um óleyfilegar eða hættulegar sammerkingar eru sem hér segir (orðalagið „sammerkingar við“ tiltekið landssvæði á að sjálfsögðu við markeigendur á því svæði):

Árnessýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Rangárvallasýslu vestan Markarfljóts. Svæðið austan Hvítár má ekki hafa sammerkt við Skaftártunguhrepp og Álftavershrepp í V.-Skaftafellssýslu. Bannaðar eru sammerkingar við Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu ofan Borgarhrepps, Húnavatnssýslur báðar og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna. Heimilt er þó að veita undanþágur með sammerkingar í Árnessýslu vestan Ölfusár og Sogs við hreppana í Húnavatnssýslu á Skaga (Skaga-, Höfða- og Vindhælishrepp) og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan Kjalarnesþings og við Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu ofan Borgarhrepps.

Borgarfjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Kjalarnesþing, Árnessýslu og Mýrasýslu. Ennfremur eru bannaðar sammerkingar milli efra varnarhólfs í Borgarfjarðarsýslu annarsvegar og Dalasýslu og Strandasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar, Húnavatnssýslur báðar og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna. Heimilt er þó að veita undanþágu um sammerkingar milli Borgarfjarðarsýslu sunnan Reykholtaldshrepps við hreppana á Skaga (Vindhælis-, Höfða-, Skaga- og Skefilsstaðahrepp).

Mýrasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, Dalasýslu, Strandasýslu sunnan Bitrugirðingar, Húnavatnssýslur báðar og Skagafjarðarsýslu vestan héraðsvatna. Heimilt er þó að veita undanþágu með sammerkingar á svæðinu vestan Stafholtstungnahrepps við hreppana á Skaga (sjá Borgarfjarðarsýslu). Bannaðar eru einnig sammerkingar við Borgarfjarðarsýslu, og í hreppunum ofan Borgarhrepps við Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslanna og við Dalasýslu og Mýrasýslu.

Dalasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við A.-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu sunnan Þorskafjarðar-Steingrímsfjarðargirðingar, Miðfjarðarhólf, Borgarfjarðarsýslu ofan syðra varnarhólfs, Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu. Einnig er bannað að hafa sammerkt í Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu við Húnavatnssýslur vestan Blöndu. Heimilt er að leyfa sammerkingar á svæðinu sunnan Hvammsfjarðargirðingar við A.-Barðastrandarsýslu vestan Þorskafjarðargirðingar. Bannaðar eru sammerkingar á svæðinu norðan Hvammsfjarðarfirðingar við N.-Ísafjarðarsýslu austan Kollafjarðargirðingar.

A.-Barðastrandarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Dalasýslu, Strandasýslu og alla Vestfirði. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar á svæðinu vestan Þorskafjarðargirðingar og í Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar.

V.-Barðastrandarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við alla Vestfirði. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar í Ketildala-, Tálknafjarðar-, Patreks- og Rauðasandshreppi við Strandasýslu sunnan Þorskafjarðar-Steingrímsfjarðargirðingar.

V.-Ísafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við alla Vestfirði nema Strandasýslu sunnan Þorskafjarðar-Steingrímsfjarðargirðingar.

N.-Ísafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við alla Vestfirði. Þó má leyfa sammerkingar á Bolungarvíkursvæði við Strandasýslu sunnan Þorskafjarðargirðingar. Bannaðar eru sammerkingar austan Kollafjarðarlínu við Dalasýslu norðan Hvammsfjarðargirðingar.

Strandasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu. Einnig eru bannaðar sammerkingar norðan Bitrugirðingar við Vestfirði, nema á Bolungarvíkursvæði og V.-Ísafjarðarsýslu. Í Ketildala-, Tálknafjarðar-, Patreks- og Rauðasandshreppi mega vera sammerkingar við svæðið sunnan Steingrímsfjarðar-Þorskafjarðargirðingar. Bannaðar eru sammerkingar við Dalasýslu norðan Hvammsfjarðargirðingar. Sunnan Bitrugirðingar eru bannaðar sammerkingar við A.-Barðastrandarsýslu austan Þorskafjarðargirðingar, Dalasýslu alla, Mýrasýslu og í Miðfjarðarhólfi. Bæir í Strandasýslu í Miðfjarðarhólfi mega ekki hafa sammerkt við efra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu, Húnavatnssýslur vestan Blöndu, Bólstaðarhlíðarhrepp, Lýtingsstaðahrepp og Seyluhrepp, en eru undanþegnir banni við sammerkingum innan sýslu norðan Steingrímsfjarðar-Þorskafjarðargirðingar.

V.-Húnavatnssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan Húnavatnssýslna og milli V.-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna, Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar og Strandasýslu sunnan Bitrugirðingar. Einnig eru bannaðar sammerkingar milli Þorkelshólshrepps og Akrahrepps. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar á svæðinu austan Miðfjarðargirðingar við Strandasýslu milli Bitru- og Hvammsfjarðargirðingar.

A.-Húnavatnssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við V.-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna og Akrahrepp. Bólstaðarhlíðarhreppur má ekki hafa sammerkt við Eyjafjarðarsýslu vestan Eyjafjarðarár sunnan Árskógarhrepps. Einnig eru bannaðar sammerkingar við Árnessýslu, efra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar og Strandasýslu sunnan Hrutafjarðargirðingar. Heimilt er að leyfa sammerkingar milli hreppanna á Skaga (sjá Borgarfjarðarsýslu) við Mýrasýslu neðan Stafholtstungnahrepps og Árnessýslu vestan Ölfusár og Sogs. Einnig er heimilt að leyfa sammerkingar á svæðinu austan Blöndu við Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðargirðingar.

Skagafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu vestan Skjálfafljóts. Hrepparnir vestan Héraðsvatna, sunnan Skefilsstaðahrepps mega ekki hafa sammerkt við Árnassýslu, Borgarfjarðarsýslu ofan syðra varnarhólfs og Mýrasýslu ofan Borgarhrepps, Skagafjarðarsýsla vestan Héraðsvatna má ekki hafa sammerkt við Húnavatnssýslur og Akrahreppur má ekki hafa sammerkt við A.-Húnavatnssýslu og Þorkelshólshrepp í V.-Húnavatnssýslu og Lýtingsstaða- og Seyluhreppur má ekki hafa sammerkt við bæi í Strandasýslu í Miðfjarðarhólfi. Heimilt er að veita undanþágu með sammerkingar við Árnassýslu vestan Ölfusár og Sogs.

Eyjafjarðarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Suður-Þingeyjarsýslu og við Kelduneshrepp í N.-Þingeyjarsýslu, Ásahreppi í Rangárvallasýslu og Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýsla vestan Eyjafjarðarar sunnan Árskógshrepps má ekki hafa sammerkt við Bólstaðarhlíðarhrepp. Siglufjörður má ekki hafa sammerkt við Suður-Þingeyjarsýslu, að öðru leyti fellur hann innan ramma Eyjafjarðarsýslu. Heimilt er að leyfa sammerkingar í Eyjafirði norðan Arnarneshrepps við S.-Þingeyjarsýslu austan Skjálfafljóts.

Suður-Þingeyjarsýsla og Kelduneshreppur:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við N.-Þingeyjarsýslu. Skútustaðahreppur má ekki hafa sammerkt við N.-Múlasýslu norðan Jökulsár á Brú. Einnig eru bannaðar sammerkingar við Ásahrepp í Rangárvallasýslu, Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. Þó má leyfa sammerkingar austan Skjálfafljóts við Eyjafjörð norðan Arnarneshrepps.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Eyjafjarðarsýslu austan Eyjafjarðarar, S.-Þingeyjarsýslu og N.-Múlasýslu norðan Lagarfljóts. Heimilt er þó að leyfa sammerkingar í Kelduneshreppi við svæðið sunnan Jökulsár á Brú.

Múlasýslur:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslanna. Í N.-Múlasýslu norðan Lagarfljóts má ekki vera sammerkt við N.-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á Fjöllum eða Skútustaðahrepp í S.-Þingeyjarsýslu. Þó má leyfa sammerkingar milli Skútustaðahrepps og N.-Múlasýslu sunnan Jökulsár á Brú. Á svæðinu sunnan Jökulsár á Brú má ekki vera sammerkt við A.-Skaftafellssýslu austan Hornafjarðarfljóts.

A.-Skaftafellssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og austan Hornafjarðarfljóts við Múlasýslur sunnan Jökulsár á Brú. Hofshreppur má ekki hafa sammerkt við V.-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands.

V.-Skaftafellssýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við Hofshrepp í A.-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, Áltavershreppur og Skaftártunguhreppur mega ekki eiga sammerkt við Árnassýslu austan Hvítár.

Rangárvallasýsla:

Bannaðar eru sammerkingar innan sýslu og við V.-Skaftafellssýslu. Á svæðinu vestan Markarfljóts má ekki vera sammerkt við Árnessýslu. Ásahreppur má ekki eiga sammerkt við Eyjafjarðarsýslu sunnan Árskógarhrepps og S.-Þingeyjarsýslu.

Sammerkingar: Allar sammerkingar á hugsanlegum samgöngusvæðum skulu greinilega merktar með skammstöfun við markið í viðkomandi markaskrá. Þegar um leyfðar sammerkingar er að ræða skal skammstöfunin vera með breyttu letri (t. d. skáletri) en venjulegu letri ef samþykki hefur ekki þurft fyrir henni (jaðar-svæði).

Skammstafanir skulu vera, sem hér segir: Á=Árnessýsla, GK=Gullbringu- og Kjósarsýsla, B=Borgarfjarðarsýsla, M=Mýrasýsla, SH=Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, D=Dalassýsla, AB=A.-Barðastrandarsýsla, VB=V.-Barðastrandarsýsla, VÍ=V.-Ísafjarðarsýsla, NÍ=N.-Ísafjarðarsýsla, Str=Strandasýsla, VH=V.-Húnavatnssýsla, AH=A.-Húnavatnssýsla, S=Skagafjarðarsýsla, E=Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður, SP=S.-Þingeyjarsýsla, NÞ=N.-Þingeyjarsýsla, NM=N.-Múlasýsla, SM=S.-Múlasýsla, AS=A.-Skaftafellssýsla, VS=V.-Skaftafellssýsla, R=Rangárvallasýsla.

7. gr.

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyst milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjóra í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan og til markavarða á hugsanlegum fjársamgöngusvæðum. Aðeins markavörðum er heimilt að auglýsa mörk í Lögbirtingablaði. Mörk auglýst án samþykkis markavarðar eru ógild.

8. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 90 frá 3. júní 1957 ásamt öðrum reglum er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og í samræmi við IX. kafla laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969.

Um brot á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.